

Árið 2016

266. fundur

Miðvikudaginn 15. júní 2016, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 1. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Björg Bjarnadóttir, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, Sigurður Loftsson, Sverrir Björn Björnsson, Guðrún Sigurjónsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson. Gestur fundarins var Pálmi Vilhjálmsson sem sat fundinn að hluta til.

Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. **Fundargerð 265 fundar og dagskrá.**
Formaður bauð fundarmenn velkomna og lagði fram dagskrá sem var samþykkt. Fundargerð 265. fundar tekin fyrir og samþykkt.
2. **Umfjöllun um óstaðfesta verðlagsgrundvelli:**
 - a) Verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. september 2015.
Lagður var fyrir framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. september 2015 ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Deloitte ehf. Hefur sá liður hækkað frá því í júní 2015 um kr. 21.416 og eru vaxtagjöld samtals kr. 2.332.974. Grundvöllurinn hefur hækkað um líðlega 1,25% frá 1. ágúst 2015 (byggt á verðlagi í júní 2015) og er heildarkostnaður nú alls kr. 35.897.398 en var kr. 35.453.264 í júní 2015. Tekjur grundvallarins er kr. 26.496.197 þar sem hækkun á mjólkurlíter frá afurðastöð til bænda hækkar við verðlagningu 1. ágúst 2015 úr 82,92 í 84,39kr./ltr.
Afgreiðslu grundvallarins var frestað.
 - b) Verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. desember 2015.
Lagður var fyrir framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. desember 2015, ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Deloitte ehf. Þar kemur fram að sá liður hækkaði frá því í september 2015 um kr. 7.754 og eru vaxtagjöld samtals kr. 2.325.220. Grundvöllurinn hefur hækkað um tæplega 1,40% frá 1. ágúst 2015 og er heildarkostnaður nú alls kr. 35.951.630 en var kr. 35.897.398 í september 2015. Hefur þar einkum áhrif hækkun launavísitölu um 1,89% frá júlí til október. Tekjur grundvallarins er kr. 26.496.197. Afgreiðslu grundvallarins var frestað.
 - c) Verðlagsgrundvellir kúabús 1. mars og 1. júní 2016 voru lagðir fram með bráðabirgðaútreikningum og verða teknir fyrir á næsta fundi.
3. **Afkoma mjólkuriðnaðarins 2015, staða og horfur.**
Lagt var fram verðlagsmódel mjólkur iðnaðarins frá júlí 2015 til júní 2016. Þar kemur fram að reiknuð hækkun er 3,83% á umræddu tímabili. Mest er hækkunin á launum og tengdum gjöldum eða um 12,7%. Umræðu var frestað til næsta fundar.
4. **SAM, efnainnihald viðmiðurnamjólkur verðlagsársins 2016**
Lagt var fram erindi frá SAM, dags. 19. janúar 2016, um efnainnihald viðmiðunarmjólkur fyrir árið 2016. Samkvæmt útreikningnum er fituinnihald 4,09% og prótein 3,30% og var það staðfest.
5. **SAM, tillaga að breytingum á reglum nr. 52/2010 um flokkun og verðfellingar mjólkur vegna líftölu, frumutölu, lyfjaleyfa og frírra fitusýra.** Erindið var rætt og afgreiðslu frestað.
6. **Minnisblað frá Deloitte ehf.** Erindið lagt fyrir og afgreiðslu frestað.
7. **Starfið framundan.**
Heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum var hækkað um 3,58% 1. ágúst 2015. Miklar launhækkningar hafa orðið á síðustu mánuðum sem hafa haft áhrif á bæði á afkomu bænda og iðnaðarins.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Kristín Sigfúsdóttir

267. fundur

Föstudaginn 24. júní 2016, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 1. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Björg Bjarnadóttir, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, Sigurður Loftsson, Sverrir Björn Björnsson, Guðrún Sigurjónsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson. Gestur fundarins var Pálmi Vilhjálmsson sem sat fundinn að hluta til. Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 266 fundar og dagskrá.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og lagði fram dagskrá sem var samþykkt. Fundargerð 266. fundar tekin fyrir og samþykkt.

2. Umfjöllun um óstaðfesta verðlagsgrundvelli:

a) Verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. september 2015. Grundvöllurinn staðfestur eins og hann var lagður fyrir og bókaður, sbr. 266. fund.

b) Verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. desember 2015.

Lagður var fyrir framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. desember 2015, ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Deloitte ehf eftir leiðréttingu frá síðasta fundi. Þar kemur fram að vaxtagjöld lækkuðu frá því í september 2015 um kr. 7.754 og eru vaxtagjöld samtals kr. 2.325.220. Grundvöllurinn hefur hækkað um rúmlega 1,5% frá 1. ágúst 2015 (byggt á verðlagi í júní 2015) og er heildarkostnaður nú alls kr. 35.996.657 en var kr. 35.897.398 í september 2015. Hefur þar einkum áhrif hækkun launavísitölu um 1,89% frá júlí til október. Tekjur grundvallarins er kr. 26.496.197. Grundvöllurinn var staðfestur.

c) Verðlagsgrundvöllur kúabús 1. mars 2016.

Lagður var fyrir framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. mars 2016, ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Deloitte ehf. Þar kemur fram að sá liður lækkaði frá því í desember 2015 um kr. 6.065 og eru vaxtagjöld samtals kr. 2.319.155. Grundvöllurinn hefur hækkað um rúmlega 3,1% frá 1. ágúst 2015 (byggt á verðlagi í júní 2015) og er heildarkostnaður nú alls kr. 36.563.638 en var kr. 35.996.657 í desember 2015. Hefur þar einkum áhrif hækkun launavísitölu um 2,27% frá október til janúar. Tekjur grundvallarins er kr. 26.990.637. Grundvöllurinn var staðfestur.

d) Verðlagsgrundvöllur kúabús 1. júní 2016. Verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. desember 2015.

Lagður var fyrir framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. desember 2015, ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Deloitte ehf. Þar kemur fram að sá liður hækkaði frá því í september 2015 um kr. 5.416 og eru vaxtagjöld samtals kr. 2.313.739. Grundvöllurinn hefur hækkað um liðlega 3,87% frá 1. ágúst 2015 (byggt á verðlagi í júní 2015) og er heildarkostnaður nú alls kr. 36.826.696 en var kr. 36.563.638 í mars 2016. Frá mars til júní hefur hækkun launavísitölu verið 4,66%. Tekjur grundvallarins er kr. 26.990.637. Grundvöllurinn var staðfestur.

3. Starfið framundan.

Lagður var fram rekstrarreikningur Mjólkursamsölnunnar ehf fyrir árið 2015. Jafnframt var lagt fram bráðabirgðauppgjör fyrir fyrstu 4 mánuði þessa árs en viðverandi tap er á rekstrinum. Áður hefur komið fram að reiknuð hækkun samkvæmt verðlagsmódel mjólkur iðnaðarins frá

júlí 2015 til júní 2016 er 3,83%. Verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. ágúst 2015 til 1. júní 2016 hefur hækkað um 3,87. Vegið meðaltal er á samanlagðri hækkunarþörf er því 3,85%. Umræðu var frestað til næsta fundar.

4. **Minnisblað frá Deliotte ehf.** Minnisblaðið var tekið til umfjöllunar.

5. **SAM, tillaga að breytingum á reglum nr. 52/2010 um flokkun og verðfellingar mjólkur vegna líftölu, frumutölu, lyfjaleyfa og frírra fitusýra.**
Fulltrúar mjólkuriðnaðarins óskuðu eftir því að erindi SAM, dags. 12. desember 2015 um flokkun og verðfellingar mjólkur yrði tekið af dagskrá á meðan frekari gagna yrði aflað.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Kristín Sigfúsdóttir

268. fundur

Mánudaginn 27. júní 2016, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 6. hæð í atvinnuvegaog nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Björg Bjarnadóttir, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, Sigurður Loftsson, Sverrir Björn Björnsson, Guðrún Sigurjónsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson. Gestur fundarins var Pálmi Villhjálmsson sem sat fundinn að hluta til. Rebekka Hilmarsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 267 fundar og dagskrá.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og lagði fram fundargerð 267. fundar sem var samþykkt eftir lagfæringu.

2. Verðlagning.

Formaður ræddi í upphafi fundar að birta gjaldaliði mjólkursamlaga á heimasíðu ráðuneytisins þar sem það gagn ásamt verðlagsgrundvelli lægi að baki þeim forsendum sem lagaðar eru til grundvallar við verðlagningu. Samþykkt var að framvegis yrðu gjaldaliðirnir birtir á heimasíðu ráðuneytisins samhliða ákvörðun um verðlagningu. Forsendur verðlagningar voru settar inn í módel er nefndin hefur notað við verðlagningu og voru útreikningar gerðir jafnóðum. Útreikningar byggðu á verðlagsgrundvöllum kúabús sem höfðu hækkað um 3,87% frá 1. ágúst 2015 til 1. júní 2016. Samkvæmt verðlagsmódeli mjólkuriðnaðarins höfðu kostnaðarliðir á sama tíma hækkað um 3,83%. Samanlögð vegin hækkunar þörf er því 3,85%. Eftir ítarlegar umræður og útreikninga var eftirfarandi samþykkt: Verðlagsnefnd búvara hefur tekið samhljóða ákvörðun um að heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum hækki um 2,5% þann 1. júlí nk. Breytingin er einkum til komin vegna hækkunar launa. Hins vegar lækkar undanrennu- og mjólkurduft um 20% til að mæta áhrifum nýs tollasamnings við ESB og lækkun heimsmarkaðsverðs á dufti. Vegin meðaltals hækkun er því 2,1%. Kostnaður við lækkunina skiptist jafnt á milli bænda og mjólkuriðnaðarins. Afurðastöðvaverð til bænda hækkar um 1,77 kr. á lítra mjólkur, úr 84,39 kr. í 86,16 kr. Þá hækkar vinnslu- og dreifingarkostnaður mjólkur um 1,81 kr. Samanlögð hækkun heildsöluverðs er því 3,58 kr. á hvern lítra mjólkur. Þá var samþykkt að verð á ógerilsneyddri mjólk í lausu máli yrði hækkuð um 2,1% sem er samtals vegið meðaltal.

3. Önnur mál.

Formaður þakkaði nefndarmönnum fyrir vinnuna. Fundarmenn þökkuðu Sigurði Loftssyni sérstaklega fyrir góð störf á undanförunum árum, en hann lætur nú af störfum í nefndinni.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Rebekka Hilmarsdóttir

269. fundur

Þriðjudaginn 8. nóvember 2016, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 6. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Björg Bjarnadóttir, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, Arnar Árnason, Sverrir Björn Björnsson, Jóhanna Hreinsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson. Þá sat fundinn Arnar Freyr Einarsson hagfræðingur í ANR. Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. **Fundargerð 268. fundar og dagskrá.**

Formaður bauð fundarmenn velkomna, þá sérstaklega nýja nefndarmenn þau Arnar Árnason og Jóhönnu Hreinsdóttir sem sat fundinn í forföllum Guðrúnar Sigurjónsdóttur. Lögð var fram fundargerð 268. fundar en fundargerðin hafði áður verið staðfest af fundarmönnum á tölvupósti.

2. **Verðlagsgrundvöllur kúabús september 2016.**

Lagður var fyrir framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. september 2016. Gjaldaliðir grundvallarins hafa hækkað að meðaltali um 1,14% frá 1. júní 2016, en síðasta verðlagning fór fram 1. júlí 2016 (byggt á verðlagi í júní 2016). Heildarkostnaður er alls kr. 37.247.233 en var kr. 36.826.696 í júní 2016. Þar hefur einkum áhrif hækkan launavísitölu um 2,3% frá apríl til júlí. Niðurstaða tekna grundvallarins er kr. 27.323.397. Vaxtagjöld hækkuðu frá júní grundvelli um kr. 3.302 og eru vaxtagjöld því samtals kr. 2.317.041. Grundvöllurinn var staðfestur. Kynnt var nýtt líkan fyrir verðlagsgrundvöll kúabús sem gerir allan samanburð auðveldari frá einum tíma til annars og var jafnframt samþykkt ný framsetning grundvallarins.

3. **Kostnaðarþróun mjólkuriðnaðarins.**

Farið var yfir gjaldaliði hjá mjólkursamlögum júní – nóvember 2016. Samkvæmt því hefur orðið 0,25% hækkan á tímabilinu.

4. **Tillaga að breytingum á reglum nr. 52/2010** um flokkun og verðfellingar mjólkur vegna líftölu, frumutölu, lyfjaleyfa og frírra fitusýra. Tillagan var samþykkt en þær taka gildi 1. janúar 2017.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Kristín Sigfúsdóttir

270. fundur

Fimmtudaginn 8. desember 2016, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 1. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Björg Bjarnadóttir, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, Arnar Árnason, Sverrir Björn Björnsson, Guðrún Sigurjónsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson. Þá sat fundinn Arnar Freyr Einarsson hagfræðingur í ANR. Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 269. fundar og dagskrá.

Fundargerð staðfest án athugasemda.

2. Yfirlit SAM yfir sölu- og birgðatöllum mjólkur og mjólkurafurða – október 2016.

Farið yfir sölutölur SAM og kemur fram að söluaukning alls er 1,24% á 12 mánaða tímabili. Mest er söluaukning á skyri og skyrdrykkjum um tæp 20% og undanrennu- og mjólkurdufti um 27%. Þá jókst innvegin mjólk um 4,4% að meðaltali á fyrstu 10 mánuði ársins.

3. Verðlagsgrundvöllur kúabús desember 2016.

Lagður var fyrir framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. desember 2016. Heildarkostnaður er alls kr. 36.955.627 en var kr. 37.247.233 í september 2016 sem er lækkun að meðaltali um 0,78%. Þar hefur einkum áhrif lækkun afskrift húsa og véla auk lækkunar á kjarnfóðri. Vaxtagjöld lækkuðu um kr. 78.218 og eru vaxtagjöld því samtals kr. 2.238.823. Laun hækkuðu um 0,8% frá ágúst til október 2016. Niðurstaða tekna grundvallarins er kr. 27.323.397. Grundvöllurinn var staðfestur.

Frá 1. júní 2016, en síðasta verðlagning fór fram 1. júlí 2016 (byggt á verðlagi í júní 2016) hefur heildarkostnaður grundvallarins hækkað um 0,35%.

4. Kostnaðarþróun mjólkuriðnaðarins.

Fulltrúar mjólkuriðnaðarins lögðu fram minnisblað um kostnaðarmódel mjólkuriðnaðar (vinnslu- og dreifingarkostnaður) fyrir tímabilið júní – 8. desember 2016. Samkvæmt því hefur orðið 0,03% hækkun á samanburðarvísitölum. Sé hins vegar litið til launavísitölu frá 15. apríl til 16. október er um að ræða 16,3% hækkun, en raun hækkun launa hjá MS er aftur á móti 21,2% þar sem lægri laun hafa hækkað hlutfallslega meira. Miklar umræður um málið og var næsti fundur ákveðinn 15. desember nk.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Kristín Sigfúsdóttir

271. fundur

Þriðjudaginn 20. desember 2016, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 6. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Björg Bjarnadóttir, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, Arnar Árnason, Sverrir Björn Björnsson, Jóhanna Hreinsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson. Þá sat fundinn Arnar Freyr Einarsson hagfræðingur í ANR. Rebekka Hilmarsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

- 1. Fundargerð 270. fundar og dagskrá.**
Fundargerð staðfest án athugasemda.
- 2. Þróun kostnaðarpátta í verðlagsgrundvelli kúabús og vinnslu og dreifingarkostnaðar.**
Lagt var fram óendurskoðað rekstraruppgjör Mjólkursamsölnunnar ehf fyrir tímabilið janúar til október 2016 ásamt áætlun ársins 2017 með skýringum. Jafnframt var lagt fram línulegt yfirlit sem sýndi þróun kostnaðar verðlagsgrundvallar kúabús, afurðaverðs til bænda, vinnslu- og dreifingarkostnaðar, vísitölu neysliverðs, launavísitölu og kostnaðarlíkan iðnaðarins frá desember 2007 til 1. desember 2016.
- 3. Verðlagning.**
Forsendur verðlagningar voru settar inn í líkan er nefndin hefur notað við verðlagningu og voru útreikningar gerðir jafnóðum. Frá 1. ágúst 2015 til 1. desember 2016 er reiknuð kostnaðarhækkun hjá bændum 2,12% og hjá iðnaðinum 1,76%, að frádreginni verðhækkun 1. júlí 2016. Verðlagsnefnd búvara hefur tekið samhljóða ákvörðun um að heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum hækki um 1,7% hinn 1. janúar nk. Afurðastöðvaverð til bænda hækkar um 1,24 kr. á lítra mjólkur, úr 86,16 kr. í 87,40 kr. Þá hækkar vinnslu- og dreifingarkostnaður mjólkur um 1,51 kr. á lítra mjólkur. Samanlögð hækkun heildsöluverðs er því 2,75 kr. á hvern lítra mjólkur. Verðhækkunin er til komin vegna uppsafnaðra hækkana á vinnslu- og rekstrarkostnaði.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Rebekka Hilmarsdóttir